

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Proskapjálfafélags Íslands (PÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fimmtudaginn 31. janúar 2019 í Borgartúni 6, Reykjavík.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir
Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir,
Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

Eftirfarandi er tillaga SNS að breytingu á 3. lið í sérákvæði 1 með gildandi kjarasamningum aðila og samkomulagi um frestun innleiðingar starfsmats frá maí 2018 sem gildir til 31. desember 2018. Forsendur SNS fyrir framlagningu á tillögu þessari var að samstaða næðist um að:

- Öll útgefin störf frá Verkefnastofu starfsmats yrðu samþykkt og afgreidd úr framkvæmdanefnd starfsmats í síðasta lagi 31. janúar 2019.
- SNS leggi fram endanlega útfærslu á nýrri launatöflu V, með gildistíma frá 1. janúar 2019, þegar öll störf hafa verið samþykkt í framkvæmdanefnd.
- Enginn starfsmaður mun lækka í launum miðað við núgildandi launasetningu.

Breyting á þriðja skrefi innleiðingar starfsmats samkvæmt kjarasamningi SNS og PÍ dags. 21. mars 2016

Frá 1. júní 2018 fellur bráðabirgðaröðun starfa úr gildi og við tekur launaröðun samkvæmt útgefinni starfsmatsniðurstöðu þann 31. janúar 2019 auk persónuálags samkvæmt nýju menntunarákvæði (gr. 10.2.3 með gildistíma frá 1. júní 2018) með þeim undantekningum sem tiltekna eru hér að neðan.

1. Hópur A – starfsmat gildir frá 1. júní 2018.

Verði niðurstaða starfsmats hærrí en bráðabirgðaröðun starfs, mun starfsmaður ráðast samkvæmt niðurstöðu starfsmats frá 1. júní 2018 þegar hann hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi við útfærslu reiknivélar 2. Röðunin skal vera samkvæmt launatöflu IV auk viðeigandi persónuálags samkvæmt nýju menntunarákvæði. Frá 1. janúar 2019 taka laun breytingum samkvæmt nýrri launatöflu V.

Starfsmaður sem tilheyrir þessum hópi en fær ekki fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun og/eða stjórnendaálag til viðbótar dagvinnulaunum skal ráðast skv. niðurstöðu starfsmats frá 1. júní 2018. Röðunin skal vera samkvæmt launatöflu IV auk viðeigandi persónuálags samkvæmt nýju menntunarákvæði. Frá 1. janúar 2019 taka laun breytingum samkvæmt nýrri launatöflu V.

Þessum áfanga skal lokið fyrir lok janúarmánaðar 2019.

2. Hópur B – starfsmat gildir frá 1. janúar 2019

Starf þar sem niðurstaða starfsmats leiðir til lægri launa en bráðabirgðaröðun í gildandi kjarasamningi aðila lækkar ekki. Í þeim tilvikum helst bráðabirgðaröðunin óbreytt samkvæmt launatöflu III-A til 31. desember 2018 ásamt persónuálagi samkvæmt eldra menntunarákvæði í gr. 10.2.3. Þann 1. janúar 2019 tekur starfið röðun samkvæmt starfsmati, launatöflu V og nýju menntunarákvæði.

Þessum áfanga skal lokið fyrir lok janúarmánaðar 2019.

3. Hópur C – tekur ekki röðun samkvæmt starfsmati

Starf þar sem niðurstaða starfsmats leiðir til lægri launa en bráðabirgðaröðun í gildandi kjarasamningi aðila lækkar ekki. Í þeim tilvikum helst bráðabirgðaröðunin óbreytt samkvæmt launatöflu III-A ásamt persónuálagi samkvæmt eldra menntunarákvæði í gr. 10.2.3.

Þessi störf verða skoðuð nánar í febrúar og mars 2019 í samvinnu SNS og stéttarfélaganna.

Þessum áfanga skal lokið fyrir lok marsmánaðar 2019.

4. Um framkvæmd innleiðingar og upptöku starfsmats

4.1. Tímarammi sem gefinn er til að ljúka innleiðingunni og í hvaða skrefum henni er lokið.

Áætlað er að innleiðing starfsmats eigi sér stað um mánaðarmótin febrúar/mars 2019.

4.2. Vörpunarskjal.

Vörpunarskjal þarf að innihalda upplýsingar um starfsheiti samkvæmt bráðabirgðaröðun og nýtt starfsheiti samkvæmt starfsmati, ásamt upplýsingum um starfsmatsstig, röðun í launaflokk og stuttar starfaskilgreiningar. Þetta er verkefni sem SNS og stéttarfélögin eiga samvinnu um.

4.3. Reiknivél 2

Reiknivél 2 verður uppfærð í samræmi við breytt þriðja skref innleiðingar starfsmats.

Reiknivél 2 vinnur eins og reiknivél 1 að öðru leyti en því að sú upphæð sem starfsmaður afsalar sér af föstum viðbótargreiðslum nemur eingöngu hækkun starfsmats umfram bráðabirgðaröðun. Standi fastar viðbótargreiðslur út af eftir afsalið, heldur starfsmaður þeim óskertum sem leiðir til hækkunar heildarlauna. Sama gildir ef um uppsögn fastra viðbótargreiðslna er að ræða.

4.4. Gæta skal að því að afsal fastra viðbótargreiðslna til að mæta hækkun dagvinnulauna leiði í engum tilvikum til vinnuskyldu umfram ákvæði í grein 2.1.1. án þess að til komi greiðsla skv. gr. 2.3.1.

4.5. Tryggt skal að launaþróun þeirra starfsmanna, sem á tímabilinu 1. september 2015 til 31. mars 2019 hafa afsalað sér eða sætt uppsögn fastra viðbótargreiðslna vegna upptöku bráðabirgðaröðunar og starfsmats, nái a.m.k. 21,1% á tímabilinu.

4.6. Leiðbeiningar.

SNS útbýr leiðbeiningar til launafulltrúa og annarra starfsmanna sveitarfélaga sem málið varðar. Með leiðbeiningum þarf að fylgja vörpunarskjal, reiknivél 2 og stuttar starfaskilgreiningar sem starfsmatsráðgjafar hjá Verkefnastofu starfsmats útbúa.

Þessari vinnu verði lokið í síðasta lagi fimmtudaginn 7. febrúar 2019 ef miða á við útborgun launa 1. mars 2019.

Sveitarfélög, stéttarfélög og starfsmenn sveitarfélaga geti óskað eftir endurmati á störfum í samræmi við reglur um endurmat á eldri störfum, sjá nánar á <http://starfsmat.is/endurmat-eldri-storfum>

Með undirritun þessarar fundargerðar eru aðilar sammála um ofangreint fyrirkomulag.

